

LÖG

um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (misnotkun á félagiformi og hæfisskilyrði).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 262. gr. laganna:

- a. Í stað „83.–85. gr., sbr. 82. gr.“ í 2. mgr. kemur: 122.–124. gr.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er maður dæmdur sekur um brot gegn ákvæði þessu og má þá í dómi í sakamáli á hendur honum jafnframt banna honum að stofna félag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sitja í stjórn, starfa sem framkvæmdastjóri eða koma með öðrum hætti að stjórnun eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar í slíku félagi í allt að þrjú ár.

II. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 66. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „einkahlutafélög“ í 1. másl. kemur: samvinnufélög, sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.
- b. Við 1. másl. bætist: svo sem lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og tryggingagjald.

3. gr.

Við 4. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um hæfi prókúruhafa gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 66. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: hlutafélagaskrár.

